

KVENRÉTTINDAFÉLAG  
ÍSLANDS

Stofnað 27. janúar 1907  
Hallveigarstöðum  
Túngötu 14, 101 Reykjavík • Sími 551 8156  
Netfang: krfi@krfi.is • Vefslóð: www.krfi.is

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/482*  
*komudagur 7.12.2009*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. desember 2009.

*Umsögn KRFÍ um frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (bann við nektarsýningum), nr. 85/2007.*

Kvenréttindafélag Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp, þskj. 21 -21. mál, um breytingar á lögum nr. 85/2007.

Kvenréttindafélag Íslands styður frumvarpið heilshugar. Það er orðið löngu ljóst að vændi er stundað á nektardansstöðum hér á landi, enda hafa bæði viðskiptavinir og stúlkur sem þar hafa starfað staðfest það. Til að vinna á því alvarlega og alþjóðlega vandamáli sem mansal er verður að ráðast gegn vændi í leiðinni, viðurkenna eðli þess og orsakir og hafna misnotkun á þeim sem leiðst hafa í vændi sökum erfiðra aðstæðna. Jafnrétti kynja verður aldrei náð ef litið er á konur sem söluvöru og í því ljósi verður ekki séð hvernig leyfa megi nektarsýningar og annað það sem fram fer á nektardansstöðum.

Að öðru leyti vísar Kvenréttindafélag Íslands í fyrri umsögn sína með frumvarpinu sem fyrst var lagt fram á 136. löggjafarþinginu og veitti KRFÍ umsögn sína í bréfi dagsettu 3. apríl 2008.

f.h. Kvenréttindafélags Íslands

Halldóra Traustadóttir  
framkvæmdastjóri



## LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 138/459**  
**komudagur 7.12.2009**

Reykjavík 5. desember 2009.

Allsherjarnefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

**Tilvísun yðar:** Þskj. 21 – 21. mál 138. löggjafarþing

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.

### **Almennt:**

Landssamband lögreglumanna (LL) fagnar sérstaklega framlagningu þessa frumvarps enda ljóst að í kringum staði, sem bjóða upp á nektarsýningar, má alloft finna ýmsa ólöglega starfsemi s.s. hórmanng, mansal, fíkniefnasölu og –neyslu, svo eitthvað sé nefnt, svo sem margar erlendar rannsóknir lögreglu sýna fram á.

Í þessu samhengi finnst LL einnig rétt að vekja á því athygli, að með banni sem þessu, er ákveðin hættu fyrir hendi á því, að slík starfsemi fari fram í „undirheimum“ sem erfitt getur verið að hafa eftirlit með og einsýnt að með þeim niðurskurðarkröfum sem lagðar hafa verið á lögreglu verður slíkt eftirlit enn erfiðara en ella.

F.h. Landssambands lögreglumanna

Snorri Magnússon

Formaður

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 138/678*  
*komudagur 11.12.2009*

**138. löggjafarþing 2009-2010.**  
**Þskj. 21 – 21. mál.**

Til nefndasvið Alþingis  
Frá Lýðheilsustöð  
Reykjavík 09.12.2009

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007

Lýðheilsustöð lýsir stuðningi við að felld verði niður ákvæði í lögum sem leyfa að nektardans fari fram í atvinnuskyni. Ekki finnast nein heilsutengd rök fyrir að leyfa slíkt, hvorki fyrir einstaklinga né samfélagið í heild. Fjöldamörg rök finnast gegn því að leyfa nektardans í atvinnuskyni. Dæmi um slíkt er tengsl við mannsal og vændi auk nauðungar þeirra kvenna sem vinna við nektardans og tengsl við áfengis- og vímuefnaneyslu. Í þessu sambandi má loks minna á þörf á heildstæðri stefnumótun varðandi öryggi tengt skemmtistöðum á Íslandi.

Virðingarfyllst,  
Jóhann Þór Halldórsson  
skrifstofustjóri  
Sími: 5800 920 · GSM: 8400 902  
<http://www.lydheilsustod.is>



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 138/457**  
**komudagur 7.12.2009**

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 4. desember 2009

Tilvísun: 2009120013

50.03

Tilvísun yðar: Pskj. 21 — 21. mál.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Embætti ríkislögreglustjóra hefur haft til umsagnar, að beiðni nefndasviðs Alþingis, frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.

Embætti ríkislögreglustjóra tekur ekki afstöðu til lagafrumvarpsins.

F.h. RLS

Guðmundur Guðjónsson / Thelma Clausen Þórðardóttir

11.12.2009

Alþingi  
Erindi nr. P 138/704  
komudagur 11.12.2009

Til allsherjarnefndar Alþingis

Vísað er til erindis nefndarsviðs, varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald - 21. mál 138. löggjafarþings.

Sambandið hefur ekki athugasemdir við frumvarpið og lætur því ekki í té umsögn um það.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Tryggvi Þórhallsson lögfr.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/458*  
*komudagur 7.12.2009*



**VIÐSKIPTARÁÐ  
ÍSLANDS**

**Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
b/t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**

Reykjavík, 6. desember 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 (21. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagt er til að undanþáguheimild til nektarsýninga í atvinnuskyni á veitingastöðum verði felld brott.*

**Viðskiptaráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.**

Virðingarfyllt,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs

Alþingi  
Nefndasvið  
150 REYKJAVÍK  
b.t. alsherjanefndar


Reykjavík 4. desember 2009

Tilvísun: 2009110103/0.03.02

**Varðandi: umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007**

Með tölvupósti dags. 27. nóvember 2009 fól alsherjanefnd Alþingis Vinnueftirlitinu að gefa umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007, þskj. 21-21. mál, 138 löggjafarþings. Vinnueftirlitið gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt  
f.h. Vinnueftirlitsins

  
Björn Þ. Rögnvaldsson  
lögfræðingur